

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1976

Nr. 122.

224

13. apríl 1976.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu.

Hofströnd	3.26 %
Sólbakki	1.09 —
Desjamýri	20.74 —
Hvannstöð	18.75 —
Hólalandshjáleiga	5.35 —
Hólaland	10.15 —
Grund I	5.07 —
Grund II	5.07 —
Gílsárvellir I og III	9.96 —
Gílsárvellir II	4.98 —
Hvoll	4.71 —
Jökulsá I	5.35 —
Bakki, Bakkagerði og Jökulsá II	5.52 —

Samtals 100.00 %

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 123.

13. apríl 1976.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði.

Heimili þess og varnarþing er Borgarfjarðarhreppur í N.-Múl.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Fjarðará og þverám hennar, en þær eru: Hofströnd, Sólbakki, Desjamýri, Hvannstöð, Hólalandshjáleiga, Hólaland,

Grund I, Grund II, Gilsárvellir I, Gilsárvellir II, Gilsárvellir III, Hvoll, Jökulsá, Bakki og Bakkagerði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari verðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.